

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur árið 1995.

Tekjur:

Ríkisframlag	Kr.
	<u>2.197.000.000</u>
Tekjur alls	<u>2.197.000.000</u>

Gjöld:

Bundin framlög	661.040.346
Sérstök framlög	649.751.658
Jöfnunarframlög	850.953.381
Húsaleigubætur	<u>129.255.545</u>
Framlög samtals	<u>2.291.000.930</u>

Rekstrarkostnaður:

Laun og launatengd gjöld	4.412.502
Önnur rekstrargjöld	<u>4.710.495</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>9.122.997</u>
Gjöld alls	<u>2.300.123.927</u>

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna (103.123.927)

Fjármunatekjur/(Fjármunagjöld):

Vaxtatekjur	28.585.015
Vaxtagjöld	<u>(24.157)</u>
Fjármunatekjur og (fjármunagjöld) alls	<u>28.560.858</u>

Rekstrarafkoma (74.563.069)

Efnahagsreikningur 31. desember 1995.

Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Bankareikningur	4.549.591
Áfallnar ógjaldf. vaxtatekjur	9.000.106
Öndurgreiddur virðisaukaskattur	<u>319.503</u>
Veltufjármunir alls	<u>13.869.200</u>
Eignir alls	<u>13.869.200</u>

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	
Yfirdráttarheimild í L.Í.	38.000.000
Ógreiddir vextir v/yfirdráttar	20.583
Viðskiptaskuldir	<u>142.212.349</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>180.232.932</u>

Eiginfjárreikningur:	
Eigið fé 1. janúar	(91.800.663)
Rekstrarafkoma ársins	<u>(74.563.069)</u>
Eiginfjárreikningur samtals	<u>(166.393.732)</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>13.869.200</u>

Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:

	Kr.
Rekstrarafkoma ársins	<u>(74.563.069)</u>
	<u>(74.563.069)</u>
Breyting liða innan hreins veltufjár:	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(9.000.106)
(Aukning) minnkun fyrirframgreiddra skatta	172.639
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	<u>80.788.969</u>
Breytingar á veltufjárreikningi	<u>71.961.502</u>
Lækkun á handbæru fé	(2.601.567)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>7.151.158</u>
Handbært fé í árslok	<u>4.549.591</u>

Áritun ríkisendurskoðunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11. Ársreikningurinn er á ábyrgð yfirstjórnar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1995, efnahag 31. desember 1995 og breytingum á handbæru fé, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 25. júní 1996.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.
Sveinn Arason skrifstofustjóri.

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995 með áritun sinni.

Reykjavík, 25. júní 1996.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

Nr. 443

30. júlí 1996

SAMÞYKKT**fyrir Veidifélag Norðurár.**

1. Félagið heitir Veidifélag Norðurár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður á heima hverju sinni.
2. Félagið er stofnað í þeim tilgangi að gera sem arðbærasta laxveiði í Norðurá. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangveiði, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í henni, nema að svo miklu leyti sem nauðsyn þykir að nota við veiði til þess að ná í klaklax. Þó skal silungsveiði heimil veiðieigendum neðan Stóru-Grafarveiða utan samningstíma leigutaka eftir ákvörðun stjórnar félagsins og veiðimálastjóra.
3. Félagssvæðið er fiskihverfi Norðurár, frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði til óss þar sem hún fellur í Hvítá, að Gljúfurá undanskilinni.
4. Félagsmenn eru ábúendur eða eigendur allra jarða, svo og eigendur eyðijarða, ennfremur formaður Upprekstrarfélags Þverárréttar, sem veiðirétt á í Norðurá. Þessar jarðir eiga lönd að félagssvæðinu: Ferjukot, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Sólheimatunga, Svignaskarð, Haugar, Munaðarnes, Stóra-Gröf, Grafarkot, Litla-Skarð, Laxfoss, Hreðavatn, Brekka, Hraunsnef, Desey, Hvassafell, Dalsmynni, Klettstía, Hreimsstaðir, Dýrastaðir, Hvammur, Sanddalstunga, Fornihvammur, Afréttarland, Sveinatunga, Krókur, Háreksstaðir, Hóll, Hafþórsstaðir, Skarðshamrar, Glitstaðir, Svartagil, Veiðilækur, Einifell, Arnarholt, Hlöðutún, Stafholt, Svarfhóll, Melkot og Flóðatangi.
5. Félagisstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni um tiltekið árabíll, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 5 ár. Í slíkum samningi skal jafnan tekið fram með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni. Leigusamningur skal háður samþykki félagsfundar.
6. Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, en þeir sem í henni sitja ganga úr stjórn tveir á fyrsta og öðru ári en einn á þriðja ári. Tveir varamenn í stjórn, tveir skoðunarmenn félagsreikninga og einn til vara skulu kosnir til eins árs í senn.